

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 11. júlí kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1217 fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík. Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Kristín B I. Sverrisdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurstræti 20 - USK23060143 Sótt er um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir 117 fermetra tjaldi til eins árs í inngarði veitingahúss á lóð nr. 20 við Austurstræti. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí sl. Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Gjald kr. 14.000.
Afgreitt.
Jákvætt.
2. Blesugróf 30 - USK23040047 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, einnar hæðar einbýlishús með bílskúr á lóð nr. 30 við Blesugróf. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí sl. fylgir erindi.
Stærð: 286,3 fermm., 1.053,5 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað dags. 3.mái 2010
Gjald kr. 14.000.
Synjað. Samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.
3. Blikastaðavegur 25 - USK23050060 Sótt er um leyfi fyrir hönd Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna á niðurrifi á mannvirkjum á lóð nr.25 við Blikastaðaveg.
Stækkun stærð xxm2 og xxm3
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Efstasund 76 - USK23050319 Sótt er um leyfi til að síkka glugga og setja tvöfalda hurð í kjallaraíbúð á vesturhlíð húss nr. 76 við Efstasund.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.
5. Einarsnes 20-26 - BN061094 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022.
Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2022.}
Stærð: 24,96 ferm., 82,6 rúmm.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Vísað til athugasemda.
6. Fellsmúli 28 - USK23050254 Sótt er um leyfi til að fjarlægja milliloft, innréttu skrifstofur, lager, spennistöð og bílapvottastöð ásamt því að stækka glugga á norðurhlíð mhl. 03 á lóð nr. 28 við Fellsmúla.
Minnkun: xx ferm.
Eftir breytingar: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Fossaleynir 16 - BN061471 Sótt er um leyfi til að skipta eign 0106 í tvær notkunareiningar í húsi á lóð nr. 16 við Fossaleyni.
Gjald kr.14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
8. Freyjugata 46 - USK23010202 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja stórt tré við lóðarmörk, stækka garðskála og koma fyrir kamínu við suðvesturúttvegg garðskála, mhl. 03, á lóð nr. 46 við Freyjugötu.
Stækkun: 8.9 ferm.
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða á teikningu Ask ehf. nr. 10-01 dags. 30. mars 2023, lóðauppdráttur 1.196.1 dags. 16. maí 2011, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 27. júlí 1999 og ódagsett loftmynd af lóð. Erindi var grenndarkynnt frá 31. maí 2023 til og með 28. júní 2023. Engar athugasemdir bárust. Umsögn Veitna dags. 6. júní 2023 fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. Grandagarður 16 - BN060972 Sótt er um leyfi til að gera glugga, nýja inngangshurð og breyta innra skipulagi þannig að hluti af rýmum 0104 og 0105 eru sameinuð í eitt rými og innréttuð vinnuaðstaða á upphækkuðu gólfi, starfsmannaaðstaða og verkstæði fyrir starfsmenn nýrrar hafnarvogar sem komið verður fyrir í gryfju við suðvesturhlíð húss á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Erindi fylgir skýringarskjal vegna skráningartöflu dags. 22. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af samþykktum teikningum.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022.
Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022.
Gjald kr. 12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. Grensásvegur 48 - USK23050251 Sótt er um leyfi til að innrétta þrjár íbúðir á 2. hæð í húsi nr. 48 við Grensásveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023 fylgir erindi
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Haukdælabraut 94 - BN059411 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN041461 vegna lokaúttektar á einbýlishúsi á lóð nr. 94 við Haukdælabraut.
Gjald kr. 12.100.
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. Hádegismóar 6 - USK23010287 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051971, þ.e. innra skipulagi 1., 2. og 3. hæðar, matshluta nr. 01, á lóð nr. 6 við Hádegismóa.
Erindi fylgir yfirlit breytinga erindis BN056225, eyðublað umsóknar um byggingarleyfi, gátlista aðaluppdráttar og mæli- og hæðarblað.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

13. Höfðabakki 7 - USK23050249 Sótt er um leyfi til að innrétta hluta húss að innan, settir nýjir gluggar og útihurðir, bætt við lyftu, lækka jarðveg, koma fyrir gluggum á kjallara, byggja hjólageymslu, útbúa aðkeyrslu rampa á norðurhlið auk þess sem húsið verður hækkað um 2,5 m. í húsi nr. 7 við Höfðabakka.
Stækkun: xx ferm., xx rúm.
Hjólageymsla, mhl.02: 66,8m² og 201,3 m³.
Eftir stækkun: xx ferm., xx rúm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
14. Jöfursbás 11B - USK23060003 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061456 með því að breyta staðsetningu á snyrtingu í félagsaðstöðu í rými 011, í húsi á lóð nr. 11B við Jöfursbás.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
15. Krókháls 11 - USK22122939 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053901, þ.e. á bílasölu, sýningarsal og verkstæði er komið fyrir nýjum gluggum og hurðum á suður og vesturhlið, sýningarsalur stækkaður og verkstæði í vestur hluta húss breytt í lager með nýju milligólfi í húsi á lóð nr. 11 við Krókháls.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 7. desember 2022 og yfirlit breytinga.
Stækkun: 104,9 ferm., 670,3 rúmm.
Eftir breytingar: 6.557,8 ferm., 39.555,1 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits
16. Laugavegur 35 - BN061781 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397, þ.e. breytingar gerðar á innra skipulagi íbúða 0203, 0303, 0210, 0309 og 0409, gluggar lækkaðir, fellt út eldvarnargler á annarri hæð á austurgafli, tæknirými og inntök færð, hjólageymsla minnkuð, verslunarrými 0206 stækkað og svalir þess felldar út, aukin lofthæð í hluta geymslna, brunahönnun uppfærð og lyftustokkur steypur á þakhæð, í húsi á lóð nr. 35 við Laugaveg.
Stækkun: 8,5 ferm., 52,5 rúmm. Breytingar - 0203, 0303, 0403, 0210, 0309, 0409,
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 12. desember 2022 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
Stækkun: 8,5 ferm., 52,5 rúmm.
Stærð eftir br.: 2.809,8 ferm., 8.294,1 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
17. Norðlingabraut 7 - USK23050054 Sótt er um leyfi til þess að byggja spenn- og rofastöð á lóð nr. 7 við Norðlingabraut. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí sl. fylgir erindi.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2023.
18. Nökkvavogur 42 - BN061876 Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera svalir á suðausturhlið íbúðar 0101 með stiga niður í garð tvíbýlishúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á teikningu Plús arkitekta og A3 afrit af eldri samþykktum aðaltekningum.

Með erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.

Gjald kr. 13.200.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

19. Silfratjörn 1 – USK23040069 Sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteypt fjölbýlishús þriggja og fimm hæða með kjallara undir mhl. 02, samtals 36 íbúðir, einangruð og klædd að utan, á lóð nr. 1 við Silfratjörn. Stærð mhl. 01: 2.208,5 ferm., 6.341,6 rúmm. Stærð mhl. 02: 1.286,2 ferm., 3.828,0 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna sorplausnar dags. 4. apríl 2023, bréf hönnuðar með yfirliti gagna dags. 11. apríl 2023, hæðar- og mæliblað, varmatapsútreikningar mhl. 01 og 02, greinargerð um hljóðvist dags. 13. febrúar 2023 og greinargerð brunahönnuðar dags. 13. febrúar 2023. Gjald kr.14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Skildinganes 54 - BN061549 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. hringstigi frá svölum niður í garð og setlaug nærri húsi á suðurhlíð, jafnframt er sótt um að klæða útveggi og þak nýrri veðurkápu, lengja skjólveggi til suðurs og norðurs við hús á lóð nr. 54 við Skildinganes. Stækkun: 13,7 ferm. Stærð eftir breytingu: 449,0 ferm., 1.468,1 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið afriti teikningar hönnuðar dags. br. 10. október 2022. Gjald kr. 13.200. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Skúlagata 40 - USK23050143 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að innrétta íbúð í rými 0203 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skúlagötu. Gjald kr. 14.000. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

22. Suðurlandsbraut 4-4A - BN061503 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum og að sameina rými 0501 og 0502 í eina eign, 0501, í mhl. 03, í húsi á lóð nr. 4A við

Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 20. júní 2023 og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt, ódagsett.

Gjald kr. 12.600.

Frestað. Lagfæra skráningu.

23. Túngata 5 - USK23050301 Sótt er leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem felst í að innrétta vinnustofu í mhl. 02 á lóð nr. 5 við Túngötu.
Jafnframt eru erindi BN059033 og BN058795 felld niður.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
24. Urðarstígur 4 - USK23070069 Sótt er um breytingu á erindi BN061755 er varðar bættar brunavarnir á suður gafli fyrirhugaðrar viðbyggingar á lóðinni nr. 4 við Urðarstíg.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
25. Vesturás 31-39 - BN061390 Sótt er um leyfi til að stækka hús matshluta nr. 04, viðbygging við kjallara með þaksvölum, útgengt frá stofu aðkomuhæðar og tröppur niður í garð á suðvesturhlið húss nr. 37 á lóð nr. 31-39 við Vesturás. Stærð eftir breytingu: 219,9 ferm., 754,3 rúmm. Erindi fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. september 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. september 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. mars 2023 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. mars 2023.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Vísað til athugasemda.
26. Vindás 4 - USK23060030 Sótt er um leyfir til að breyta innra skipulagi í húsi í húsi nr. 4 við Vindás.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
27. Mosavegur - hjúkrunarheimili - USK23060260 Gera mæliblað fyrir nýja lóð við Mosaveg, hjúkrunarheimili.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
28. Stardalur (L125755), Stofnun tveggja skika úr jörðinni Stóri-Bugðufloí og Kýrhólsfloí - USK23050216 Stardalur L125755, breyting lóðamarka. Stofnun tveggja nýrra lóða úr jörðinni Stardal.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 12:20

Nikulás Úlfar Másson

Kristín B I. Sverrisdóttir
Sigrún Reynisdóttir

Margrét Pálína Cassaro
Guðrún Ósk Hrólfisdóttir